— **Ágrip af brjefi landshöfðingja** *til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu* **um breyting á 2 umboðum.** — Samkvæmt tillögum amtmanns samþykkti landshöfðingi með þessu brjefi, að þessar jarðir í Þingeyjarsýslu: ½ Brettingsstaðir, Uppibœr, Skuggabjörg og Keflavík, er hingað til hafa legið undir Möðruvallaklaustursumboð, skuli frá 1. jan. 1883 að telja leggjast undir Munkaþverárklaustursumboð, og að frá sama tíma skuli aptur eptirnefndar jarðir í Grímsey: Básar, Syðri Grenivík og Neðri Sauðavík, er hingað til hafa legið undir Munkaþverárklaustursumboð, leggjast undir Möðruvallaklaustursumboð. **164** 28. júlí.

— **Brjef landshöfðingja** *til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu* **um endurskoðun á jarðamatinu.** — Í brjefi frá 4. þ. m. hafið þjer, herra amtmaður spurt, hverja aðferð skuli við hafa, ef einhver hreppsnefnd skyldi skorast undan eða vanrœkja að framkvæma í tíma þau störf með tilliti til endurskoðunar á jarðamatinu frá 1861, sem getur um í brjefi ráðgjafans frá 28. febr. þ. á. og umburðarbrjefi mínu frá 1. apríl s. á. (stjórnartíðindi þ. á. B. 52. og 53). **165** 28. júlí.

Þegar slíkt kemur fyrir verður, fyrst samkvæmt 38. grein sveitastjórnartilskipunarinnar frá 4. maí 1872 spurning um sektaábyrgð fyrir oddvita hreppsnefndarinnar og aðra hreppsnefndarmenn, en þar að auki verð jeg að leiða athygli yðar að því, að ekki megi draga endurskoðunina á jarðamatinu í heild sinni sökum slíkrar undanfœrslu.

Að vísu er ekkert á móti því, að sýslunefndirnar veiti einstökum hreppsnefndum nokkra lengingu á fresti þeim, er tiltekinn er með 1. grein umburðarbrjefs míns frá 1. apríl þ. á., ef slíkur frestur kemur eigi í bága við störf þau, er ætluð eru sýslunefndunum sjálfum; en sýslunefndirnar mega ekki láta það bregðast að afgreiða sjálfar jarðamatið með póstum þeim, er eiga að koma hingað í nóvembermánuði, og geta hreppsnefndir þær, er vanrœkja það, sem fyrir þær hefir verið lagt, kennt sjálfum sjer um það, ef þær fá ekki þátt þann í endurskoðun jarðamatsins, sem þeim hefir verið ætlaður, og verður sýslunefndin með tilliti til slíkra hreppa að ganga út frá því, að hreppsnefndin hafi ekki álitið það nauðsynlegt eða œskilegt, að jarðamatið yrði lækkað hvorki fyrir hreppinn í heild sinni nje að því er snertir hinar einstöku jarðir í hreppnum, og hinsvegar myndi sætta sig við hækkun þá á jarðamatinu fyrir hreppinn í heild sinni, sem sýslunefndin kynni að ætla œskilega.

— **Brjef landshöfðingja** *til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu* **um flutning á síldarveiðiáhöldum í utanríkisskipum.** — Út af fyrirspurn þeirri frá sýslumanninum í Norðurmúlasýslu, er jeg meðtók með þóknanlegu brjefi yðar, herra amtmaður, 4. þ. m. vil jeg tjá yður, að jeg er yður samdóma um, að innlendir síldarveiðamenn megi nota norsk eða önnur utanríkisskip til að flytja hafna á milli vistir og annað, er heyri til síldarafla, sbr. 4. grein laga 7. nóvbr. 1879 (A. 28) og ráðgjafabrjef frá 20. nóvbr. 1879 (stjórnartíðindi 1880 B 33) um að nota utanríkisskip til vöruflutninga. **166** 28. júlí.

— **Brjef landshöfðingja** *til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu* **um landamerki þjóðjarða.** — Út af fyrirspurn frá umboðsmanni stœrri og minni jarða Eyjafjarðarsýslu, um skyldu umboðsmanna til að fylgja fram landamerkjalög- **167** 28. júlí.